

## *Sjálfbærnimenntun í leikskóla*

### INNGANGUR

Mennta- og menningamálaráðuneytið gaf út nýja aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2011 og kvað þar við nýjan tón í skólastarfi. Námskráin er byggð á sex grunnþáttum í íslenskri menntun sem eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í kjölfar útgáfunnar gaf ráðuneytið í samvinnu við Námsgagnastofnun út ritröð þar sem leitast er við að varpa ljósi á grunnþættina og tækifærin sem í þeim felast. Einnig er ritunum ætlað að auðvelda stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólanna að innleiða grunnþættina.

Umfjöllun um sjálfbærni er gömul saga og ný. Ýmist hefur verið talað um umhverfismennt, náttúrufræði eða átthagafræði en kjarni málsins er sá sami, tengsl samfélags og náttúru. Skilningur á hugtakinu sjálfbærni (e. sustainability) hefur vafist fyrir mörgum og vilja þeir þá tengja það flokkun lífræns úrgangs og umbúða eða orku- og vatnssparnaði. Inntak sjálfbærnihugtaksins í nýrri aðalnámskrá felur í sér samspil margra þátta, svo sem efnahags, samfélags, félagslegrar velferðar og umhverfisverndar. Ferlið er flókið og það kallar á breytt hugarfar í öllu námi og samþættingu þessara fjögurra þátta, frekar en að horfa á þá aðskilda.

Í pistli mínum mun ég fjalla um ritið *Sjálfbærni* eftir Sigrúnu Helgadóttur umhverfisfræðing og fræðibókahöfund. Ritið er hluti af ritröðinni um grunnþættina sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út. Í umfjölluninni mun ég gera grein fyrir inntaki heftisins og leitast við að tengja það skólastarfi eins og ég þekki það best (blaðsíðutöl vísa til ritsins). Einnig mun ég koma með dæmi úr eigin ranni sem tengjast þróun til sjálfbærni.

### SAMANTEKT UM RITIÐ SJÁLFBÆRNI

Höfundurinn skiptir ritinu *Sjálfbærni* í þrjá meginkafla, Sjálfbær þróun, Sjálfbærni og aðrir grunnþættir námskrár og Menntun til sjálfbærni og síðan er í lokin samantekt, heimildir og ítarefni. Ritinu er fyrst og fremst ætlað að skerpa skilning fólks á þeirri

hugsun og stefnu sem felst í sjálfbærni, uppruna hennar og mikilvægi. Síðast en ekki síst er menntun til sjálfbærni leið til að breyta viðhorfi fólks til umhverfis síns og að efla samkennd og væntumþykju til náttúru og samfélags (bls. 38).

Eftir lestur ritsins er ég margs vísari um merkingu hugtaksins sjálfbærni og upplýstari um sögulegt samhengi og alþjóðlegar ráðstefnur og stefnumörkun um umhverfismál. Einnig er ég fróðari um þá mikilvægu ákvörðun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að útnefna áratuginn 2005–2014 *áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar*. Það varð til þess að Íslendingar gerðu sjálfbærni að einum af grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá sinni, til að styrkja nemendur í að takast á við þau úrlausnarefni sem þeir eiga eftir að standa frammi fyrir í efnahags-, samfélags- og umhverfismálum á 21. öldinni (bls. 17).

Smátt og smátt, þegar líður á lestur ritsins, opnar höfundurinn stjórnendum og kennurum sýn á það hvernig skólar geta fetað sig í átt til sjálfbærni. Það er lítið um beinar kennsluleiðbeiningar í ritinu en höfundur litar frásögnina og gerir lesturinn skemmtilegan með því að flétta inn í textann verkefnum, dæmisögum og þjóðsögum sem gætu nýst í leik og námi, sbr. Skötutjörn (bls. 6), Þinjóð og börnin hennar (bls. 39) og Eplið og Jörðin (bls. 18–19). Til hagræðingar fyrir lesendur eru þessi verkefni og dæmisögur í sérstakri skrá í síðasta kafla bókarinnar (bls. 54). Einnig er að finna í ritinu lista yfir heimildir og ítarefni sem skólar geta nýtt sér.

## MARGAR LEIÐIR FÆRAR

Eflaust eru margir skólar að skoða hvaða leiðir eru farsælastar til að efla menntun til sjálfbærni. Í innleiðingarferlinu skiptir miklu máli þátttaka skólastjóra eða kennara, sem hafa brennandi áhuga á málefnum, með þekkingu og skilning á sjálfbærni og löngun til að fylgja henni eftir. Til að breytingar fái brautargengi þurfa nauðsynlegir innviðir skólans að vera til staðar, svo sem stefna, sýn, hvatning og hæfni. Skólastjóri er þar í lykilhlutverki og þarf að hvetja skólasamfélagið til að nýta sér fjölbreyttar kennslu- og starfsaðferðir. Einnig er hann í lykilaðstöðu til að leiða ferlið með því að dreifa völdum og ábyrgð til annarra (Ebbeck og Waniganayake, 2003; Fullan, 2001; Stefán Bergmann, Erla Kristjánsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Kristín Norðdahl, Þórunn Reykdal og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010; sjá einnig *Sjálfbærni*, bls. 45). Skólar ættu að gefa sér góðan tíma til að ræða sig niður á sameiginlega merkingu og skilning á orðinu sjálfbærni og skoða hvort/hvar sjálfbærni birtist í skólastarfinu.

## „EKKI PARF AÐ FINNA UPP HJÓLIÐ“

Höfundur ritsins *Sjálfbærni* bendir á útinám sem mikilvæga leið til að innleiða menntun til sjálfbærni og á ágæti þess að halda í heiðri sigild lög mál kennslufræðinnar, um að fara frá hinu þekkta til hins óþekkta og að tengja námið við einstaklingana persónulega (bls. 45). Í þessu sambandi sé óþarfi að finna upp hjólið því skólar geti litið til verkefna svokallaðra Skóla á grænni grein, sem eru fjölmargir hér á landi, á öllum

skólastigum og hafa verið að vinna að verkefnum sem hægt er að nýta í útikennslu (Landvernd, e.d.). Einnig eru fjölbreytt verkefni í skýrslu rannsóknar- og þróunarhópsins GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða (Stefán Bergmann o.fl., 2010).

## DÆMI ÚR EIGIN RANNI

Starfs- og kennsluáferðir í Tjarnarseli hafa frá árinu 1996 einkennst af útinámi í vettvangsferðum og umhverfismennt. Unnið var þróunarverkefni á árunum 1997–1999 og gefin út handbók um vettvangsferðir árið 2002. Skólinn er þátttakandi í verkefni Landverndar, Skóli á grænni grein, og hefur fengið grænfánann fjórum sinnum. Leikskólinn er sífellt að endurmeta stefnu sína og áherslur í námi barna og nú í ljósi nýrrar aðalnámskrár með tilliti til grunnþátta menntunar.

Kennsluáferðir Tjarnarsels byggjast meðal annars á aðferð Josephs Cornell (1989) sem er byggð á markvissu útinámi í vettvangsferðum. Hann leggur áherslu á að kennarinn sé meðvitaður um áhrif sín á andrúmsloftið og noti gleðina (e. joy) í kennslu sinni. Hann segir hlutverk kennara í námi barna tvíþætt. Annars vegar þarf hann að vera virkur þátttakandi án þess þó að vera í hlutverki stjórnanda. Hins vegar þarf kennarinn að geta tekið þátt í og borið virðingu fyrir sjálfsprottum leik og námi barnsins og hafa að auki, líkt og börnin, gaman af því sem verið er að gera.

Hér á eftir eru nokkur dæmi um verkefni sem tengjast sjálfbærni til menntunar og hafa verið þróuð og unnin í Tjarnarseli.

### Dæmi I: Áskoranir og ævintýri: Útinám og fjölnotagarður

Þróunarverkefnið *Áskoranir og ævintýri: Útinám og fjölnotagarður* fékk styrki árið 2013 úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla og Manngildissjóði Reykjanesbæjar. Í verkefninu er lögð áhersla á að samþætta grunnþætti menntunar við efnahags-, samfélags- og félagslega velferð og umhverfisvernd (Tjarnarsel, e.d.).

Markmið verkefnisins er meðal annars að umbylta og þróa náttúrulegt útisvæði leikskólans og nota sem mest endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið með sjálfbærni að leiðarljósi. Einnig er verið að innleiða starfsaðferðir sem byggjast á grunnþáttum menntunar. Þróunarverkefnið er unnið í samvinnu barna, kennara, foreldra, fræðslu- og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar og SAGE Gardens<sup>1</sup>. Þróunarverkefninu er ætlað að skilja eftir verkþekkingu og ábyrgðartilfinningu þátttakenda fyrir náttúru og umhverfi.

Verkefnið var vel kynnt fyrir áður nefndum aðilum og óskað m.a. eftir þátttöku þeirra við hugmyndavinnuna og framkvæmdir. Jafnræðis var gætt í þróunarferlinu og fengu allir þátttakendur í verkefninu tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og hugmyndum um útileiksvæði. Sérstaklega var lögð áhersla á að virkja börnin til að hafa áhrif á náms- og starfsumhverfi sitt. Ráðist var í mikla hugmyndavinnu og sett var upp vinnusmiðja þar sem börn og foreldrar útfærðu hugmyndir sínar og óskir um „draumaútileiksvæði“ svo sem með teikningum og módelum. Einnig unnu kennarar úr hugmyndum sínum eftir kynnisferð sem þeir fóru til Hollands þar sem þeir kynntu sér náttúruleg útileiksvæði.

Eftir tveggja daga vinnu tók útileiksvæðið verulegum stakkaskiptum og vel er hægt að merkja á útileikjum barnanna, og uppgötvunum sem tengjast því, ánægju þeirra með breytinguna. Það eru komnir steinar til að klifra á, hólur og hæðir til að hlaupa upp og niður af og skýli til að leita skjóls fyrir veðri og vindum. Síðast en ekki síst var gróðursett í vermireiti vítt og breytt um svæðið; rabarbari, kryddjurtir og grænmeti sem börnin forræktuðu í leikskólanum. Síðsumars nýttu börnin meðal annars rabarbarann til sultugerðar með aðstoð kennara sinna og fóru með afreksturinn heim í krukku. Á fésbókarsíðu leikskólans má sjá fréttir og myndir af því hvernig svæðið hefur verið nýtt (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).

## Dæmi II: Sjónarmið barna

Síðastliðin ár hafa leikskólakennarar verið að leita leiða til að styrkja borgaravitund barna og aðstoða þau við að koma sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri um ýmislegt sem betur má fara í bæjarfélaginu. Einn liðurinn í því var að koma með ábendingu til hundaeigenda bæjarins.

Börnin í Tjarnarseli hafa í gegnum árin furðað sig á því hversu margir hundaeigendur þrifa ekki upp saur eftir hundana sína. Oftar en ekki þurfa þau, í vettvangsferðum sínum um nánasta umhverfi leikskólans, að sveigja fram hjá hundaskít eða einhver stígur ofan á hann. Eftir miklar umræður og vangveltur ákvað hópur elstu barnanna að teikna myndir og skrifa texta með aðstoð kennara sinna, með ráðleggingum til hundaeigenda.

Ráð barnanna voru eftirfarandi:

- Þú sem átt hund, muna að þrifa eftir hann.
- Þú þarft að taka með þér poka.
- Þrifa upp kúkinn.
- Burt með hundaskít.
- Þetta gerir bæinn okkar ljótan.

(Leikskólabörn vilja hundaskítinn burt, 2012)

Síðan gengu börnin í stofnanir og fyrirtæki bæjarfélagsins, og fengu leyfi til að hengja ráðleggingarnar upp. Undantekningarlaust var vel tekið á móti þeim.

## Dæmi III: Þátttaka leikskólabarna í Grænum apríl og Degi umhverfisins

Í tilefni af Grænum apríl og Degi umhverfisins birtist fréttatilkynning frá leikskól-  
anum í einu af bæjarblöðunum með þessa hvatningu

Í tilefni af Grænum apríl og Degi umhverfisins vilja leikskólabörn og kennarar Tjarnarsels hvetja alla bæjarbúa til að „Gera hreint fyrir sínum dyrum“. Umhverfisliðar í Tjarnarseli ætla ekki að láta sitt eftir liggja og munu þann 25. apríl taka til hendinni á Tjarnargötutorginu og í skrudgarðinum. Börnin vilja endilega fá fleiri í lið með sér og bjóða bæjarbúum að leggja sitt af mörkum og mæta á fyrrnefnda staði kl. 10.00 þann dag. (Bæjarbúar geri hreint fyrir sínum dyrum, 2012)

Það er skemmst frá því að segja að mæting var góð og meðal annarra komu foreldrar margra barna í leikskólanum og einn bekkur úr nærliggjandi grunnskóla til að hjálpa til.

## AÐ LOKUM ÞETTA

Til að mennta gagnrýna og ábyrga einstaklinga sem láta sig umhverfið varða þurfa að vera til staðar góðar fyrirmyndir í skólanum, því nemendur læra sjálfbærni þar sem hún er virt og stunduð í reynd. Einnig þarf menntun til sjálfbærni að vera áhugavekjandi, skemmtileg og í tengslum við náttúru og umhverfi (bls. 42–44). Það felst mikil áskorun fyrir skólasamfélagið í því að innleiða menntun til sjálfbærni sem og aðra grunnþætti menntunar. Höfundur ritsins samþættir sjálfbærni við hina grunnþættina og segir að án hennar náist ekki markmið um jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, heilbrigði og velferð og réttlæti (bls. 24). Rit sem hverfist um sjálfbærni er hvalreki fyrir öll skólastigin og nauðsynlegt að allir lesi það og tileinki sér sjálfbæra hugsun. Til að sem bestur árangur náist þarf að tryggja að allir gangi í takt og það ríki sátt og samstaða um markmið og leiðir. Einnig þarf að hafa í huga að góðir hlutir gerast hægt í þessu sem öðru. Það þarf að gefa sér góða tíma til að ígrunda og finna leiðir sem byggjast á fjölbreyttum starfs- og kennsluáðferðum. Spennandi verður að fylgjast með þróuninni í skólamálum næstu árin og sjá hvert sjálfbærnimenntunin mun leiða skólana.

## ATHUGASEMD

- 1 SAGE Gardens er fyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í að endurbæta útisvæði í leik- og grunnskólum í samvinnu við börn, kennara og foreldra. Fyrirtækinu stýra þau George Hollanders og Sarka Mrnakova.

## HEIMILDIR

- Bæjarbúar geri hreint fyrir sínum dýrum. (2012, 24. apríl). *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/baejarbuar-geri-hreint-fyrir-sinum-dyrum/article/2012304249979>
- Cornell, J. (1989). *Sharing the joy of nature: Nature activities for all ages*. Nevada City: Dawn Publications.
- Ebbeck, M. og Waniganayake, M. (2003). *Early childhood professionals: Leading today and tomorrow*. Sydney: MacLennan & Petty.
- Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change* (3. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Landvernd. (e.d.). Skólar á grænni grein. Sótt af <http://landvernd.is/graenfaninn/Skolar-Leikskolaborn-vilja-hundaskitinn-burt>. (2012, 23. apríl). *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/leikskolaborn-vilja-hundaskitinn-burt/article/2012304239973>
- Leikskólinn Tjarnarsel. (e.d.). <https://www.facebook.com/pages/Leiksk%C3%B3linn-Tjarnarsel/144586655714415?fref=ts>

Stefán Bergmann, Erla Kristjánsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Kristín Norðdahl, Þórunn Reykdal og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). *Menntun til sjálfbærrar þróunar: Af reynslu átta íslenskra skóla 2008–2009*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Sótt af [http://skrif.hi.is/geta/files/2008/05/reynsla\\_islenskra\\_skola.pdf](http://skrif.hi.is/geta/files/2008/05/reynsla_islenskra_skola.pdf)  
Tjarnarsel. (e.d.). Þróunarverkefni. Sótt af <http://www.tjarnarsel.is/Leikskolinn/THrounarverkefni/>

## UM HÖFUNDINN

*Inga María Ingvarsdóttir* ([inga.m.ingvarsdottir@reykjanesbaer.is](mailto:inga.m.ingvarsdottir@reykjanesbaer.is)) er leikskólastjóri í Tjarnarseli í Reykjanesbæ. Hún lauk leikskólakennaraprófi árið 1991 og meistaraprófi með áherslu á stjórnun menntastofnana frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2009. Hún hefur stýrt ýmsum verkefnum, einkum sem lúta að útinámi, umhverfismennt og máli og læsi ungra barna.